

**SAMRUNAÁÆTLUN**  
**SPARISJÓÐS REYKJAVÍKUR OG NÁGRENNIS HF. OG**  
**KAUPÞINGS BANKA HF.**

Í tilefni af fyrirhuguðum samruna Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf., kt. 540502-2770, Ármúla 13a í Reykjavík, og Kaupþings banka hf., kt. 560882-0419, Borgartúni 19 í Reykjavík (sameiginlega nefnd „félögin“), hafa

stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. og  
stjórn Kaupþings banka hf.

ákveðið að gera með sér svohljóðandi áætlun um samruna félaganna:

*1. gr.*

Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf. skal slitið án skuldaskila og skal Kaupþing banki hf. yfirtaka eignir og skuldir Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. á grundvelli ákvæða XIV. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög, sbr. 106. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Drög að stofnefnahagsreikningi eru sett upp m.v. 1. apríl 2008. Hins vegar skal hið sameinaða félag ekki taka við rekstri, eignum og skuldum, svo og réttindum og skyldum hins yfirtekna félags, fyrr en öll skilyrði 7. gr. samrunaáætlunar þessarar hafa verið uppfyllt.

*2. gr.*

Við samrunann verða engar breytingar á formi, heiti eða heimilisfangi Kaupþings banka hf. og hefur samruninn því ekki í för með sér breytingar á samþykktum félagsins.

*3. gr.*

Við samrunann skulu hluthafar í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf. fá 0,002007864 hluti í Kaupþingi banka hf. og 0,305585106 hluti í Exista hf. sem endurgjald fyrir hvern hlut að nafnverði 1 kr. – ein króna – í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf. Ekki skal greiða fyrir eigin hluti Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf.

Hluthafar í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf. sem með því fengu brot úr hlut í Kaupþingi banka hf. skulu í staðinn fá 0,203723404 hluti í Exista hf. fyrir hvern hlut í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf. sem myndar slíkt brot. Þann fjölda hluta sem þannig fæst í Exista hf. skal jafna að næsta heila hlut fyrir ofan.

*4. gr.*

Þeir hlutir í Kaupþingi banka hf. annars vegar og Exista hf. hins vegar sem hluthafar í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf. fá sem endurgjald við samrunann skulu veita rétt til arðs í Kaupþingi banka hf. og Exista hf. frá og með þeim degi sem þeir eru afhentir hluthöfum Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf.

5. gr.

Þeir hlutir í Kaupþingi banka hf. annars vegar og Exista hf. hins vegar sem hluthafar í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf. fá sem endurgjald við samrunann skulu afhentir hluthöfum í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf. eigi síðar en fimm bankadögum eftir að öll skilyrði samkvæmt 7. gr. hafa verið uppfyllt.

6. gr.

Stjórnarmenn, framkvæmdastjórar, matsmenn og eftirlitsaðilar félaganna skulu ekki njóta sérstakra réttinda við samrunann.

7. gr.

Samrunaáætlun þessi er bundin eftirtöldum skilyrðum:

- (1) að ákvörðun um samrunann hljóti samþykki hluthafafundar í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf. með minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum í félaginu,
- (2) að Fjármálaeftirlitið samþykki samrunann, og
- (3) að samkeppnisyfirvöld ógildi ekki samrunann eða setji honum skilyrði sem stjórnir félaganna telja óásættanleg eða leiði til þess að óhjákvæmilegt sé að leggja ákvörðun um samrunann að nýju fyrir hluthafafund í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf.

Samrunaáætlun þessa skal ekki framkvæma fyrr en ofangreind skilyrði eru uppfyllt.

— oooOOOooo —

Í samræmi við 1. mgr. 120. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög  
rita stjórnir félaganna undir samrunaáætlun þessa.

Reykjavík, 1. júlí 2008.

í stjórn  
Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf.

í stjórn  
Kaupþings banka hf.



## GREINARGERÐ STJÓRNAR KAUPÞINGS BANKA HF.

Drög að stofnefnahagsreikningi eru sett upp m.v. 1. apríl 2008. Þann 31. mars 2008 námu heildareignir Kaupþings banka hf. u.þ.b. 6.368.355 m. kr. og heildareignir Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. u.þ.b. 254.707 m. kr. Af þessum sökum er miðað við að Kaupþing banki hf. yfirtaki eignir og skuldir Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. Hins vegar skal hið sameinaða félag ekki taka við rekstri, eignum og skuldum, svo og réttindum og skyldum hins yfirtekna félags, fyrr en öll skilyrði 7. gr. samrunaáætlunarinnar hafa verið uppfyllt.

Að mati stjórnar Kaupþings banka hf. er samruninn til þess falinn að bæta þjónustu, auka arðsemi í rekstri og þar með virði hluthafa sameinaðs félags. Bæði Kaupþing banki hf. og Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf. njóta mikils trausts á íslenskum fjármálamarkaði. Stjórn Kaupþings banka hf. telur þess vegna að samruninn skapi tækifæri til að samnýta kosti og eiginleika beggja félaga. Er stefnt að því að varðveita innviði Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. og hlúa með því að viðskiptasamböndum félagsins. Er þannig gert ráð fyrir að hið sameinaða félag noti áfram vörumerki Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf., SPRON. Stjórn Kaupþings banka hf. telur einnig að samruninn skapi tækifæri til að hagræða í rekstri og lækka rekstrarkostnað og styrki á þann hátt samkeppnishæfni sameinaðs félags. Stjórn Kaupþings telur að með samruna gefist svigrúm fyrir sameinað félag að sinna betur þeim hlutverkum sem félögin þjónuðu áður. Það muni leiða af sér betri þjónustu til hagsbóta fyrir viðskiptavinum beggja.

Við ákvörðun á endurgjaldi til hluthafa í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf. hefur verið litið til markaðsvirðis Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. við lok viðskiptadags þann 30. júní 2008 að viðbættu 15% álagi. Þetta leiðir til þess að fyrir hvern hlut í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf. eru greiddar sem nemur 3,83 kr. Þá hefur einnig verið litið til eiginfjárstöðu, arðsemi eigin fjár, CAD hlutfalls, kostnaðarhlutfalls og fleiri kennitalna.

Hlutir í Kaupþingi banka hf. og Exista hf. eru verðlagðir samkvæmt dagslokagengi þann 30. júní 2008 en fyrir Kaupþing banka hf. var það 763 kr. á hlut og fyrir Exista hf. var dagslokagengið 7,52 kr. á hlut.

Í samrunaáætluninni er lagt til að 3/5 þess endurgjalds sem hluthafar í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf. fá við samrunann séu hlutabréf í Exista hf. en 2/5 endurgjaldsins séu hlutabréf í Kaupþingi banka hf. Notaðir verða eigin hlutir Kaupþings banka hf. og verður því ekki gefið út nýtt hlutafé í tengslum við samrunann. Þá hafa Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf. og Kista-fjárfestingarfélag ehf. samþykkt að selja Kaupþingi banka hf. alls 832.737.199 hluti í Exista hf. Eru kaupin háð því að öll skilyrði 7. gr. samrunaáætlunarinnar séu uppfyllt.

Með greinargerð þessari fylgja drög að upphafsefnahagsreikningi 1. apríl 2008, sem er byggður á könnuðum árshlutareikningum félaganna sem miðast við 31. mars 2008.

Reykjavík, 1. júlí 2008.

í stjórn  
Kaupþings banka hf.



## GREINARGERÐ STJÓRNAR SPARISJÓÐS REYKJAVÍKUR OG NÁGRENNIS HF.

Drög að stofnefnahagsreikningi eru sett upp m.v. 1. apríl 2008. Þann 31. mars 2008 námu heildareignir Kaupþings banka hf. u.þ.b. 6.368.355 m. kr. og heildareignir Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. u.þ.b. 254.707 m. kr. Af þessum sökum er miðað við að Kaupþing banki hf. yfirtaki eignir og skuldir Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. Hins vegar skal hið sameinaða félag ekki taka við rekstri, eignum og skuldum, svo og réttindum og skyldum hins yfirtekna félags, fyrr en öll skilyrði 7. gr. samrunaáætlunarinnar hafa verið uppfyllt.

Stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. telur að samruninn skapi tækifæri til að samnýta kosti og eiginleika beggja félaga og muni hafa jákvæð áhrif á rekstur félaganna. Bæði Kaupþing banki hf. og Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf. njóta mikils trausts á íslenskum fjármálamarkaði. Við sameiningu er lögð áhersla á að viðhalda sérstöðu og markaðsstöðu beggja félaga og munu útibú félaganna verða rekin áfram undir eigin merkjum. Órói á fjármálamörkuðum undanfarin misseri hefur gert það að verkum að auka þarf áherslu á hagræðingu og hagkvæmni í rekstri fjármálafyrirtækja. Stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. telur einnig að samruninn skapi tækifæri til að hagræða í rekstri og lækka rekstrarkostnað og styrki á þann hátt samkeppnishæfni sameinaðs félags. Að mati stjórnar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. skapar samruninn tækifæri fyrir hið sameinaða félag til að veita viðskiptavinum félaganna enn betri og víðtækari þjónustu en áður.

Við ákvörðun á endurgjaldi til hluthafa í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf. hefur verið litið til markaðsvirðis Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. við lok viðskiptadags þann 30. júní 2008 að viðbættu 15% álagi. Þetta leiðir til þess að fyrir hvern hlut í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf. eru greiddar sem nemur 3,83 kr. Þá hefur einnig verið litið til eiginfjárstöðu, arðsemi eigin fjár, CAD hlutfalls, kostnaðarhlutfalls og fleiri kennitalna.

Hlutir í Kaupþingi banka hf. og Exista hf. eru verðlagðir samkvæmt dagslokagengi þann 30. júní 2008 en fyrir Kaupþing banka hf. var það 763 kr. á hlut og fyrir Exista hf. var dagslokagengið 7,52 kr. á hlut.

Í samrunaáætluninni er lagt til að 3/5 þess endurgjalds sem hluthafar í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf. fá við samrunann séu hlutabréf í Exista hf. en 2/5 endurgjaldsins séu hlutabréf í Kaupþingi banka hf. Notaðir verða eigin hlutir Kaupþings banka hf. og verður því ekki gefið út nýtt hlutafé í tengslum við samrunann. Þá hafa Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf. og Kista-fjárfestingarfélag ehf. samþykkt að selja Kaupþingi banka hf. alls 832.737.199 hluti í Exista hf. Eru kaupin háð því að öll skilyrði 7. gr. samrunaáætlunarinnar séu uppfyllt.

Með greinargerð þessari fylgja drög að áætluðum upphafsefnahagsreikningi 1. apríl 2008, sem er byggður á könnuðum árshlutareikningum félaganna sem miðast við 31. mars 2008.

Reykjavík, 1. júlí 2008.

í stjórn  
Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf.

# Kaupthing Bank & SPRON, Pro forma Consolidated Interim Balance Sheet as at 1 April 2008

		01.04.2008
<b>Assets</b>		<b>Pro forma</b>
Cash and balances with central banks .....		76.269
Loans to credit institutions .....		622.840
Loans to customers .....		4.154.853
Bonds and debt instruments .....		538.572
Shares and instruments with variable income .....		213.839
Derivatives .....		383.080
Derivatives used for hedging .....		41.453
Securities used for hedging .....		107.680
Investments in associates .....		106.817
Intangible assets .....		84.728
Investment property .....		35.876
Property and equipment .....		40.111
Tax assets .....		8.941
Other assets .....		182.432
	<b>Total Assets</b>	<b>6.597.491</b>
<b>Liabilities</b>		
Due to credit institutions and central banks .....		478.735
Deposits .....		1.542.303
Financial liabilities measured at fair value .....		322.085
Borrowings .....		3.267.517
Subordinated loans .....		347.985
Tax liabilities .....		21.238
Other liabilities .....		193.591
	<b>Total Liabilities</b>	<b>6.173.453</b>
<b>Equity</b>		
Share capital .....		7.218
Share premium .....		153.592
Other reserves .....		57.917
Retained earnings .....		192.173
	<b>Total Shareholders' Equity</b>	<b>410.900</b>
Minority interest .....		13.138
	<b>Total Equity</b>	<b>424.038</b>
	<b>Total Liabilities and Equity</b>	<b>6.597.491</b>





**KPMG á Íslandi**  
Borgartúni 27  
105 Reykjavík

Sími 545 6000  
Fax 545 6001  
Veffang [www.kpmg.is](http://www.kpmg.is)

Til stjórnar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. og Kaupþings banka hf.

Reykjavík, 1. júlí 2008.

Við höfum kannað samrunaáætlun Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. og Kaupþings banka hf. sem er dagsett 1. júlí 2008 og er undirrituð af stjórnnum beggja félaganna og viljum í því sambandi taka fram eftirfarandi.

Samkvæmt samrunaáætluninni skulu hluthafar í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf. fá 0,002007864 hluti í Kaupþingi banka hf. og 0,305585106 hluti í Exista hf. sem endurgjald fyrir hvern hlut að nafnverði 1 kr. – ein króna – í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf. Ekki skal greiða fyrir eigin hluti Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf.

Fyrir liggja árshlutareikningar beggja félaganna miðað við 31. mars 2008 og hafa þeir báðir verið yfirfarnir af endurskoðendum félaganna. Eins og fram kemur í samrunaáætluninni hefur við ákvörðun á endurgjaldi til hluthafa í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf. verið litið til markaðsvirðis félaganna og markaðsvirðis Exista. Þá hefur einnig verið litið til eiginfjárstöðu, arðsemi eigin fjár, CAD hlutfalls, kostnaðarhlutfalls og fleiri kennitalna. Það er álit okkar að skiptihlutfallið sé eðlilega ákvarðað og sanngjarnt miðað við fyrirliggjandi gögn og upplýsingar og að það sé efnislega rökstutt.

Unnin hafa verið drög að sameiginlegum efnahagsreikningi fyrir félögin miðað við 1. apríl 2008 og sýnir hann breytingar sem leiða af samrunanum. Eins og fram kemur í efnahagsreikningnum er ekki gert ráð fyrir að Kaupþing banki auki hlutafé sitt vegna samrunans.

Þá staðfestum við í samræmi við 4. mgr. 122. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, að fyrirhugaður samruni félaganna tveggja muni á engan hátt rýra möguleika lánardrottna sjóðanna til fullnustu á kröfum sínum.

Virðingarfyllt,

  
KPMG hf.